



5. janúar 2010

FUNDARGERÐ SÍMAFUNDAR

Mættir voru Daði Einarsson varastjórn og gestgjafi á Landsmóti í Mosfellsbæ, Jóhann Moravék formaður, Eggert Björgvinsson gjaldkeri, Einar Jónsson ritari

Landsmót Mosfellsbær-Nótur	Nóturnar ekki komnar í hús. Vandkvæðum bundið að panta rétt á netinu segir Jóhann. Einar tekur að sér að hringja.	Einar ath.
Landsmót-Gistirými	Gistirými er í lagi, þ.e. yngri og eldri deildir Varmárskóla verða nýttar.	
Æfingahúsnæði	Gæsla á svæðinu er í höndum SkóMos	
Sundlaug	Æft verður í tveimur íþróttahúsinum og í Kringlu. Slagverk verður í æfingahúsnæði SkóMos í Varmárskóla. Tónleikar verða í íþróttahúsi að Varmá. Lágafellslaugin er ákjósanleg til að bjóða þáttakendum í sund. Daði skoðar hve marga laugin getur tekið á klukkutíma. Hann segir fjarlægðina vera um 2 km. Athuga með skólabílinn í Moso til að keyra í sund. Daði athugar með að fá sveitarfélagið til að greiða það.	Daði Daði
Landsmót-þáttakendur	U.þ.b. 200 hafa boðað komu sína, líkur á að mótið verði samt um 300 manns. Eyðublöð til að senda út sem heldur utan um þáttakendur, farastjóra, liti og hljóðfæri o.fl. þar að senda út til að spara vinnu við skráningu og utanumhald. Einar og Eggert taka þetta að sér.	Einar og Eggert
Landsmót-matur	Daði segir allt klappað og klárt varðandi heitar máltíðir, 750- máltíðin. Morgunmatur er í höndum SkóMos. Jóhann sendir Daða viðmiðunartölur um innkaup. Daði segir að foreldrar innan SkóMos hafi sambönd og getir útvegað vörur á betra verði.	Jóhann-listi til Daða
Landsmót-Mótsblað/minjagripir	Mótsblöð hafa verið fjármögnuð af styrktaraðilum hingað til og verið sem aukatekjur fyrir gestgjafa. Nú um mundir er enga styrki að fá og verður því ekki neitt mótsblað prentað út.	Stjórn

	<p>Hins vegar verður ígildi mótsblaðs með dagskrá sent á pdf. til allra þáttakenda sem prenta það sjálfir út.</p> <p>Daði finnu link inn á kort á svæðinu</p> <p>SÍSL greiðir helming á móti gestgjöfum í minjagrip frá gestgjöfum til þáttökusveita.</p> <p>Daði stingur upp á mynd.</p>	Daði
Landmót-Medalíur/merki/ armbönd/bolir	<p>Jóhann segir merki verða tilbúin í tíma frá Sænsk-íslenska(góð upplau)</p> <p>Jóhann segir armbönd koma með mynd frá Ungverjalandi.</p> <p>Bolir verða pantaðir frá sama aðila og síðast enda verðtilboðið síðast miðað við boli á tvö mót.</p> <p>Einar pantar. Daði hugsar málið varðandi mynd aftan á bolinn.</p>	Jóhann Einar Daði
Bikar fyrir umgengni	<p>Bikarinn er uppi á Akranesi. Ákveðið hefur verið að kaupa annan fyrir CD sveitir. Eggert skoðar það mál.</p>	Eggert
Drumline-slagverk	<p>Jón Björgvinsson tekur þetta að sér með Þorvaldi frá Reyjanesi. Eggert tekur að sér að leiða það til lykta.</p>	Eggert
Landsmót-Dagskrá	<p>Jóhann tekur að sér að senda grófa dagskrá á hugsanlega þáttakendur og biðja um bindandi tölur.</p> <p>-Setning-SkóMos spilar</p>	Jóhann
Spilandi sveitir	<p>5-6 sveitir hafa lýst yfir áhuga á að leika sérstaklega. SK á undan kvöldskemmtun.</p>	Stjórn skoðar
Landsmót-skemmtun laugardagskvöld	<p>Leitast verður eftir innanbæjaratriði t.d. Bob Gilian og strandverðirnir, tilboð 130 þús.</p>	Daði
Bann við utanlandsferðum víða í skólahljómsveitum	<p>Stjórn SÍSL veltir fyrir sér hvort sóknarfæri sé í því ástandi sem ríkir í efnahagslífinu um þessar mundir, þegar skólahljómsveitum víða er bannað eða sniðinn mjög þröngur stakkur til utanlandsferða. Er hugsanlega hægt að nýta sér þetta ástand og koma upp sumarstarfi af einhverju tagi fyrir hljómsveitirnar. Hljómsveitarkeppni á Íslandi annað hvert ár? Sumarnámskið annað hvert ár. Eitthvað í þessa verunar.</p>	Stjórn skoðar.

Fundi slitið ca kl. 11.15
Sign. Einar Jónsson



19. janúar 2010

FUNDARGERÐ SÍMAFUNDAR 19.1.2010

Mættir: Jóhann Moravék formaður, Eggert Björgvinsson gjaldkeri, Einar Jónsson ritari

Fundur settur kl 10.00

Landsmót- Tónlist/stjórnendur	Gabriels Oboe ekki komið. Jóhann hringir út Three Miniatures komið-ok Morseau Symphonique á leiðinni, ætti að koma í vikunni Dúett eftir James Meador í óvissu. Einar athugar Tillaga að verkefnum á sveitir:	Jóhann Einar hefur samband
Gul-sveit Rúnar Óskarsson stjórnar	Gabriels Oboe (túbu-solo) Smoke on a water (Jóhann skannar og sendir á stjórn) Eitt í viðbót(sem er mjög létt og skemtilegt)	Jóhann skannar ?
Rauð-sveit Tryggvi Baldvinsson stjórnar	Morseau Symphonique (básúnu sóló)(ca 5 mín) Undert he sea (Eggert skannar og sendir á stjórn) Final Countdown (gr.3)(Eggert skannar og sendir á stjórn)(2:40)	Eggert skannar Eggert skannar
Græn-sveit Guðni Franzson stjórnar	Three Miniatures (túbú-solo) (ca 5:50 min) Duett e. James Meador (básúnu og túbu dúett) Alexanders Ragtime Band (Eggert skannar og sendir á stjórn)	Eggert skannar
	Auk þess skoða Stuðmannasyrpu úts. Össur Geirsson og Reykjavíkurlög úts. Ellert Karlsson til að hafa sem aukaefni	Tel.Einar Tel. Eggert
	Nota þau lög sem við höfum á pdf til að gera staðla til skiptinga í sveitir og leiðbeiningar um það. Einar skoðar það mál.	Einar

Fundi slitið kl. 11:28



22. janúar 2010

FUNDARGERÐ SÍMAFUNDAR 22.1.2010

Mættir: Jóhann Moravék formaður, Eggert Björgvinsson gjaldkeri, Einar Jónsson ritari

Fundur settur kl 10.00

1.Landsmót- Tónlist/stjórnendur	Gabriels Oboe ekki komið. Jóhann hringir út aftur Three Miniatures komið Morseau Symphonique komið Dúett eftir James Meador í óvissu. Tölván hrundi hjá tónskáldinu, ekki öll von úti, bíður róleg Tillaga að verkefnum á sveitir:	Jóhann
Gul-sveit Rúnar Óskarsson stjórnar	Gabriels Oboe (túbú-solo)- Verður sett á heimasíðu Smoke on a water (partitúr á heimasíðu til viðmiðunar) Livin la Vida Loca (partitúr á heimasíðu til viðmiðunar)	Jóhann skannar Jóhann skannar Eggert skannar
Rauð-sveit Tryggvi Baldvinsson stjórnar	Morseau Symphonique (básúnu sóló)(ca 5 mín) Verður sett á heimasíðu Final Countdown (gr.3)(2:40) (partitúr á heimasíðu til viðmiðunar) Reykjavíkurlög úts. Ellert Karlsson Verður sett á heimasíðu	Einar Eggert skannar Eggert
Græn-sveit Guðni Franzson stjórnar	Three Miniatures (túbú-solo)(ca 5:50 min) Verður sett á heimasíðu Duett e. James Meador (básúnu og túbú dúett) Verður sett á heimasíðu Stuðmannasyrpa (ca8mín) úts. Össur Geirsson. Verður sett á heimasíðu Undert he sea (partitúr á heimasíðu til viðmiðunar)	Einar Einar Einar Eggert
2. Raddæfingar	Athuga hjá Daða hvort ekki sé pláss fyrir raddæfingar á laugardegi	Jóhann
3. Aðstoðarstjórn.	Athuga að fá 3-4 stjórnendur til aðstoðar á æfingum	Einar
4.Leiðbeiningar um skiptingu í sveitir	Samþykkar voru eftirfarandi leiðbeiningar um skiptingu í sveitir sem settar verða á heimasíðu: Gul-sveit- Nemendur búnir með lágmark 3 ½ ár-ekki búinn með grunnstig)(Lágmarksaldur 7.bekkur)-svipað og blá sveit í A/B kerfinu. Ópið fyrir þá sem <u>ekki koma til Vestmannaeyja</u> Rauð-sveit- Nemendur búin með <u>lágmark 4ár og með grunnstig</u> Græn-sveit- Nemendur búnir með grunnstig og eru að undirbúa miðstig eða búin með það, þ.e. lengst komnir	Einar setur inn
5.Frestir	Frestur til að skila inn listum og greiða staðfestingargjald er 1.febrúar. Jóhann sendir áminningu í tölvupósti og exel-skjal útfyllingar	Jóhann

<p>6. Leyfi til útgáfu á nýjum útsetningum</p>	<p>-Óskað verður eftir að kaupa Stuðmannasýrpu af Össuri Geirs og samið um greiðslu samkvæmt verðlistum SÍSL, tillaga 120.000 Leita þarf eftir leyfi höfunda til útgáfu</p> <p>-Óskað verður eftir að kaupa Reykjavíkurlög af Ellerti Karls og samið um greiðslu samkvæmt verðlistum SÍSL, tillaga 120.000</p>	<p>Eggert</p> <p>Einar</p> <p>Eggert</p>
--	--	--

Fundi slitið kl. 11:30



16.apríl 2010

Fundargerð aðalfundar að Fosshóttet Lind, Rauðarárstíg.

Mættir(14):

Jóhann Höfn, Eggert Vestmannaeyjar, Daði Mosfellsbær, Halldór Akranes, Jóhann Selfoss, Vilborg Austurbær, Össur Kópavogur, Stefán Ómar (kom mjög seint) Karen Reykjanesbær, Áki Reykjanesbæ, Lárus Vesturbær, Jóhann Garðabær, Einar Grafarvogur, Sigurður Vilhelmsson fundarstjóri
Boðuðu forföll: Kári Seltjarnarnes

Fundur settur 9.32 Formaður setur fund og gefur stjórn fundarins í hendur fundarstjóra.
Fundarstjóri les dagskrána og fer yfir fundarsköp og biður menn að vera stuttlyrta og ganglyrta.

1. Formaður les skýrslu. Formaður opnar mælendaskrá.
Vilborg um Nomu og nýjar upplýsingar um fund Nomu
Össur spyr um félagatalið sem hann skilaði af sér í fínu standi.
Össur spyr um fyrirspurn til STEF um útsetningar út fyrir landsteinana.

Skýrsla stjórnar telst samþykkt þar sem engin andmæli voru við hana.

2. Eggert les endurskoðaða reikninga og skýrir út.
Össur spyr um skýringar á númerum í endurskoðaðri skýrslu
Jóhann Björn hrósa gjaldkera fyrir reikningana
Eggert stefnir að því að fá næstu reikninga sett skýrara upp þannig að hver liður fyrir sig (t.d. landsmót eða nótnaútgáfa) verði gert upp í skýrslu sér.
Skýrsla telst samþykkt þar sem engin mótmæli berast.

3. Lagabreytingar(10.05). Jóhann kynnir lagabreytingar.
Bókun 1: Fundur bókar varðandi 2.grein að greinin er ekki túlkuð sem skilgreind kvöð um rekstur úrvalssveitar.

Ýmsar breytingar voru gerðar á fundinum. Sjá ný lög samtakanna.
Lögin í heild sinni samþykkt með handauppréttingar.

4. Kosning stjórnar.
Tillaga um óbreytta stjórn utan að Einar ritari hættir og Halldóra Sighvatsson tekur gengur inn í stjórn.
Tillaga samþykkt.

5. Kosningar tveggja skoðunarmanna. Einar Jónsson og Jóhann Björn Ævarsson bjóða sig fram. Samþykkt af fundinum.

6. Ákvörðun félagsgjalds næsta tímabils. Stjórn leggur til að ársgjald verði óbreytt næsta tímabil. Tillaga samþykkt.

7. Önnur mál

a. Nótnanefnd

Einar hefur framsögu um stofnun Nótnanefndar

Vilborg, hver í nefnd?, hverjir kaupa?, gæði útsetninga(hvað virkar)

Áki, frumsamið efni og STEF sjóðir til styrktar á íslenskum útsetningar

Jóhann lög segja “stuðla að útgáfu á íslensku efni”

Eggert: Einar, Össi og Karen í nefndina

Menn tjá þig vítt og breytt um að taka staðla erlendis frá. Prufukeyra útsetningar fyrir útgáfu. Alfreds með svona staðla.

Stjórn falið að skipa í nefnd til að endurskoða nótna og útgáfumál samtakanna í samræmi við tillögur Einars Jónssonar og umræður á fundinum. Sjá viðhengi.

b. Lárus hefur framsögu um styrk sem SÍSL fékk að upphæð 500.000.- kr. frá Tónlistarssjóði, til að gera upp nótinasafn SÍL og koma þessu í kynningu erlendis. Lárus vill kanna reglur um leyfi frá höfundum vegna útgáfu út fyrir landsteina. Fundurinn almennt á því að fara að lögum og samvinnu við STEF um samninga við eigendur höfundarréttar ef fara á í útgáfu sem opin er út fyrir Ísland.

c. Eggert hefur kynningu á styrkjamálum.

d. Jóhann formaður hefur framsögu um kaup og sölu á nótum. Hverjir eru kaupendur að nótnaútgáfu SÍSL? Eiga allir að kaupa CD efni? eru aðrir möguleikar við fjármögnun á nótnaútgáfu.

Halldór og Daði segja að það skiptir máli hver er við stjórn á hverjum stað hvort allt sé keypt.

Menn fara vítt og breytt um málefnið, og leggur fundarstjóri til að nótanefnd taki málið til skoðunar.

Eggert segir að menn komist ekki upp með að greiða ekki í framtíðinni þar sem innheimt verður í gegnum banka í framtíðinni. Áki stingur upp á að bjóða upp á mismunandi áskriftarmöguleika, velja hvort menn kaupa allt ódýrara eða velja úr og kaupa dýrara. Einar stingur upp á að A-sveitar efnið sé selt dýrara og niðurgreiði CD efnið.

e. Fyrirkomulag landsmóta í framtíðinni.

Eggert hefur framsögu um fyrirkomulag. Segir form landsmóta frábært með námskeiðaformi. Segir að BC mót ætti að vera að hausti en A mótin að vori, þar sem A sveitin er ekki vel þekkt stærð að hausti, en það eru BC sveitir eru þekktari stærð. Landsmót á miðjum vetri erfið vegna veðurfars, þess vegna mót í Sept/okt. og Apr/Maí.

Hafa lengri fyrirvara um útgáfu á nótum fyrir Landsmót. Lengri fyrirvara um þátttöku. Lengri fyrirvara um kennitölur. Viða misbrestur á skilum og frestum.

Össur A sér og BC saman má athuga. Ekki sammála um fyrirkomulag. Námskeið hentar aðeins AB en ekki CD. Mosómótið óaðfinnanlegt varðandi framkvæmd. Virkaði þó ekki að fullu. Skilaði ekki árangri. Krakkarnir skeptisk fyrirfram og líka eftir. Of stuttur æfingatími. Skemmtilegri lög. Studmannasyrpan ekki vel flutt og er tilgangslaust fyrir krakkana þegar útkoman er ekki til að gera þau stolt.

Þýðir ekki að senda póst með fyrirvara og biða svo. Verður að senda út tilkynningu og svo seinna áminningu og svo lokafrest. Það er hans reynsla.

Halldór varðandi verkefnaval. Of strembið. Senda út með fyrirvara. Meira vit í að hafa léttara.

Össur trúir ekki á að þetta verði áfram eins og einar æfingarbúðirnar í viðbót. Þarf að vera tillökkun eftir stuði og fjöri. Situr í mönnum leiðinleg mót eins og Akranesmótið. Reykjanesbæjarmótið frábært.

Halldór segir að Akranesingum hafi þótt þetta frábært. Einar spyr þá hvernig við getum gert þetta enn skemmtilegra. Eggert segir það ábyrgð hvers stjórnanda fyrir sig að meta hver fer í hverja sveit. Þannig verður efni "of erfitt", þ.e. það er ekki músikin sem er of erfið, heldur er það of veikir spilarar.

Karen landsmót nær Reykjavík.

Lárus ekki sammála því. Þeim mun meira ævintýri.

Össur vil heyra í fleiri sveitum, t.d. Skarpa.

Reykjanesbær 2001 gott mót, les upp úr dagskrá, fjölbreytt sem fólk gat valið, stuttir liðir, margt um að vera. Dagskrá framtíðar e.t.v. að fyrirmynd 2001, bjóða upp á námskeið og líka spilamennskur og fyrirlestra.

Einar vill að fólk heyri flottar sveitir og besta sveitin fái boð um að koma á landsmót yngri krakka og spili fyrir þau og inspireri þau "vá getur lúðrasveit hljómað svona".

Daði vill að elsta sveit á Landsmóti geti hittst einhverjum helgum fyrr og undirbúið erfiða efnið.

Eggert styður hugmyndir Einars um að fá bestu sveitirnar á yngri mótin og hvetur okkur til að byrja að huga að næsta móti fljótlega.

Niðurskurðarmál

Lárus hefur framsögu um niðurskurð. Össi fékk að halda stöðufjölda. Karen fyrir tveimur árum var mikill niðurskurður, en stytta skólaárið nú. Lárus segir Rvk skera niður 6,85% og það afturvirk. Afleiðing er lokun á inntöku nýrra nema í haust.

Skólahljómsveitir í Rvk ódýrasti kosturinn í Rvk og það er alvarlegt. Allar sparnaðarleiðir í Rvk eru fordæmisgefandi fyrir landsbyggðina. Mosó skorði niður um 50% af rekstrarfé til að forðast uppsagnir. Lárus segir rekstrarfé skólahljómsveita í Rvk svo lágt. Lárus segir tilkynningu um þetta hafi verið tilkynnt í janúar 2010 og þá upplýst um að þetta eigi við skólaárið en svo komi í ljós í mars og þetta sér fyrir skólaárið, þ.e. afturvirk upp á ca. 13%. Lárus segir samantekt FT um niðurskurð í tónlistarkennslu í landinu vera u.p.b tilbúin. Lárus leggur til að fundurinn samþykki áskorun til Rvk um að fresta frekari niðurskurði á skólahljómsveitum í Rvk.

Össur getur ekki skrifað undir fyrri hluta texta sem Lárus les upp um tölfræði úr skýrslu FT eins og “óútfylltur tékki”. Jóhann spyr hvort stjórnin geti sent þessa áskorun í nafni fundarins síðar þegar tölurnar eru komnar. Fundarstjóri stingur upp á að stjórnin sendi áskorun. Jóhann Björn vill ekki vera að vitna til niðurskurðar talna af landsbyggðinni. Jóhann formaður segir vinnubrögð Rvk. forkastanleg með afturvirkum niðurskurði. Fundur segi þrjá valkosti:

- a. óútfylltur tékki með tölfræði sem kemur síðar,
- b. fela stjórn að senda fyrir fundinn,
- c. fela stjórn að senda fyrir samtökin án tölfræði.

Fundurinn samþykkir að stjórn SÍSL sé falið að semja ályktun vegna boðaðs niðurskurðar skólahljómsveita í Rvk.

Formaður Jóhann á lokaorðið og þakkar fyrir afbragðsgóðan fund og býður upp á lengri fund næst.
13.26 fundi slitið.

Sign. Einar Jónsson